

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Húsar 1, landnr. 165337.

Deiliskipulagið tekur til byggingar íbúðarhúss, hesthúss, skemmu og gestahúsa.

Á byggingarreit B1 er heimilt að byggja allt að 200 m² íbúðarhús og bílskúr.

Á byggingarreit B2 er heimilt að byggja allt að 6 gestahús, allt að 30 m² hvert.

Á byggingarreit B3 er heimilt að byggja allt að 200 m² hesthús og allt að 600 m² skemmu.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.

Samþykkt í hreppsnefnd þann 20. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2019